

REGLUGERÐ

um sannprófun á þyngd hlaðinna gáma um borð í skipum.

1. gr.

Gildissvið.

Með þessari reglugerð er mælt fyrir um aðferðir sem fylgja skal við sannprófun á þyngd hlaðinna gáma sem flytja á með skipum sem sigla frá íslenskum höfnum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „Farmsendandi“: Lögaðili eða einstaklingur sem tilgreindur er á farmskírteini, sjóflutnings skjali eða sambærilegu fjölnota flutningaskjali, t.d. framhaldsfarmbréf, sem sendandi og/eða sá sem gert hefur samning um flutning, eða í hvers nafni eða fyrir hvers hönd samningur um flutninga hefur verið gerður, við skipafélag.
- 2) „Gámur“: Flutningaeining samkvæmt skilgreiningu í samningnum um örugga gáma (CSC), 1972, með áorðnum breytingum. Í þessu sambandi skal tekið mið af endurskoðuðum tillögum um samræmda túlkun og framkvæmd samningsins um örugga gáma, 1972, með áorðnum breytingum (CSC.1/Circ.138/Rev.1).
- 3) „Viðurkennd aðferð“: Beiting gæðastjórnunarkerfis sem tryggir að sannprófaður þungi sé ákvarðaður í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð og hefur verið sett upp og er notað og viðhaldið í samræmi við viðurkennda staðla.
- 4) „Viðeigandi vog“: Mælitæki sem uppfyllir ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/32/ESB, um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði, með áorðnum breytingum, eins og hún er innleidd í íslenskan rétt:
 - a) um ósjálfvirkar vogir (vogir sem stjórnandi þarf að hafa afskipti af meðan á vigtun stendur), nákvæmniflokkur IV eða betri, eða
 - b) um sjálfvirkar vogir (vogir sem ákvarðar þyngd vöru án afskipta stjórnanda), nákvæmniflokkur Y(b) eða betra.
- 5) „Hlaðinn gámur“: Gámur hlaðinn eða fylltur með vökva, lofttegundum, föstum farmi eða farmhlutum, þar á meðal eru bretti, pökkunar- og sjóbúningstæki, svo sem festingar og timbur til að skorða farm.
- 6) VGM skráning: Skjal og/eða rafræn skráning þar sem farmsendandi eða einstaklingur með heimild samkvæmt því gefur upp og staðfestir með undirskrift sinni upplýsingar um sannprófaðan þunga hlaðins gáms.
- 7) „Fulltrúi gámastöðvar“: einstaklingur sem er tilnefndur af gámastöðinni eða annarri aðstöðu þar sem skipið lestar eða losar sem er ábyrgur fyrir þeirri starfsemi sem fer fram í gámastöðinni eða aðstöðunni í tengslum við viðkomandi skip.
- 8) „Sannprófaður þungi“: Heildarbrúttóþungi hlaðins gáms sem fæst:
 - a) með því að vigta hlaðna gáminn með viðeigandi vog í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um af hálfu lögbærs yfirvalds í því ríki þar sem gámurinn var lestaður (aðferð 1), eða
 - b) með því að vigta alla pakka og farmhluta, þar á meðal bretti, timbur til að skorða farm og önnur sjóbúningstæki sem eru í gámmum og bæta síðan við þyngd gámsins (tara) við summu þunga allra farmhluta með því að beita viðurkenndri aðferð (aðferð 2) sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi ríkisins þar sem lokið var við að hlaða gáminn.

3. gr.

Staðfestur brúttóþungi gáma.

Við framkvæmd eftirlits með skipum skal Samgöngustofa meðal annars ganga úr skugga um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fullnægt.

Samgöngustofa viðurkennir prófanir sem gerðar eru af viðurkenndum prófunarstofum, þar á meðal prófunarstofum í aðildarríkjum ESB, í EFTA-ríkjunum sem eru sammingsaðilar að EES

samningnum og í Tyrklandi, sem veita viðeigandi og fullnægjandi tryggingu frá tæknilegu, faglegu og hlutlausu sjónarhorni.

Þegar kveðið er á um í þessari reglugerð gögn um sannprófaðan þunga skal einnig samþykkja rafræn skjöl.

4. gr.

Skyldur farmsendanda.

Farmsendandi vöru sem hlaðið er í gáma á Íslandi í þeim tilgangi að flytja jóleiðina, skal staðfesta að gámur hafi verið vigtaður með því að nota viðurkennda aðferð, VGM skráningu, í samræmi við reglugerð þessa. Farmsendandi skal framvísa staðfestingu þess efnis krefjist Samgöngustofa þess.

Koma skal VGM skráningunni í hendur skipstjóra skipsins eða fulltrúa hans og til fulltrúa gámostöðvar í fyrstu lestunarhöfn með nægilegum fyrirvara til að auðvelda undirbúning lestunarplans skips.

5. gr.

Lestun.

Ef ekki er unnt að leggja fram sannprófaðan brúttóþunga hlaðins gáms hjá skipstjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa gámostöðvar skal skipstjóri hafna lestun gámsins um borð í skip.

Skipstjóri skipsins, fulltrúi hans og fulltrúi gámostöðvarinnar geta ákveðið að ganga úr skugga um sannprófaðan þunga hlaðins gáms.

6. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt VII. kafla laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Ef ekki er um að ræða upptöku ávinnings brots, skal við ákvörðun sektar hafa hliðsjón af stærð eða ætluðum fjárhagslegum ávinningi.

7. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 47/2003 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, [dagsetning] 201x.

[...].

[...].

Viðauki

Aðferð við að sannreyna þunga allra pakka og farmhluta, o.s.frv. í hlöðnum gámi (aðferð 2)

Útreikningur brúttóþunga hlaðinna gáma

1. skref - þyngd farms

Finna skal þunga farmhluta sem flytja á skal með því að leggja saman þyngd allra hluta. Að því er varðar vöru í lausri vigt má ákvarða þunga hennar, annaðhvort á grunni mælingar með kvörðuðu áfyllingartæki eða með því að vigta vöruna.

2. skref - þyngd umbúða

Þyngd umbúða skal ákvörðuð annaðhvort með því að nota upplýsingar frá framleiðanda umbúða eða með því að nota upplýsingar frá sendanda/framsendanda, sem hafa verið sannreynðar og fluttar inn í gæðastjórnunarkerfi þeirra.

3. skref - þyngd bretta, sjóbúningstækja og tímurs til að skorða farm

Pungi bretta, umbúða og sjóbúningstækja, festinga og tímurs til að skorða farm skal ákvarðaður annaðhvort með því að nota upplýsingar frá framleiðanda, sendanda eða framsendanda eða með því að nota upplýsingar um þunga sem hafa verið vistaðar í gæðastjórnunarkerfi.

Farmsendandi er ávallt ábyrgur fyrir réttmæti þessara upplýsinga.

4. skref - töruþungi tóms gáms

Farmsendandi skal nota töruþungann sem tilgreindur er á gámnum.

5. skref - brúttóþungi hlaðins gáms

Leggja skal saman þungann sem fæst samkvæmt 1. til 4. skrefi til að fá brúttóþunga hlaðins gáms.

Nákvæmni útreiknings sannprófaðs brúttóþunga hlaðins gáms

Þegar þessum reikniaðferðum er beitt geta hinar ýmsu þyngdir sem lagðar eru saman til að ákvarða brúttóþunga verið breytilegar. Til dæmis getur þyngd trébretta, tímurs til að skorða farm og sjóbúningssaura verið breytileg með tillit til rakastigs. Einnig getur vigtunarbúnaður sem notaður er til að ákvarða þyngd einstakra þátta og smávægilegur munur á töruþunga tóms gáma og farmhluta valdið frávikum.

Það er viðurkennt að frávik geta orðið þegar aðferð 2 er notuð til að sannreyna brúttóþunga hlaðinna gáma. Slík frávik skulu skjalfest og meðhöndluð samkvæmt gæðastjórnunarkerfi farmsendanda. Í þessu sambandi skal tryggt að summa þessara frávika sé lítilvæg miðað við raunverulega þyngd.

Framangreind möguleg frávik í brúttóþunga hlaðinna gáma takmarka ekki ábyrgð farmsendanda á að ákvarða af nákvæmni sannprófaðan brúttóþunga hlaðinna gáma í samræmi við ákvæði sem kveðið er á um í 2. reglu VI. kafla í SOLAS-samþykktinni.